



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2025
USK25110303

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 17. desember 2025 um eftirfarandi mál:

Skipulag á lóð Lýsis við Grandaveg - Breyting á deiliskipulagi - Boðagrandi 9

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skipulags á lóð Lýsis við Grandaveg vegna lóðarinnar nr. 9 við Boðagrandi. Í breytingunni sem lögð er til felst að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum á einni hæð með tengibyggingu, ásamt hjólaskýli og sorplausnum á norðurhluta lóðar innan takmarkaðs byggingarreits. Gert er ráð fyrir að umfram byggingarmagn innan takmarkaðs reits megi nýta fyrir hjólaskýli, gróðurhús, geymslur og sorplausnir, enda séu slík mannvirki reist innan takmarkaðs byggingarreits og í samræmi við heildarhönnun lóðarinnar. Einnig er gerð lóðarstækkun á lóð leikskólans og lóðin afmörkuð til að stofurnar ásamt yfirbyggðu hjólaskýli komist betur fyrir norðan megin leikskólalóðar, samkvæmt uppdrætti Tendra arkitekta, dags. 8. desember 2025. Einnig er lagt fram samgöngumat Eflu, dags. 15. nóvember 2025.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Uppdrættir Tendra arkitekta, dags. 8. desember 2025 og samgöngumat Eflu, dags. 15. nóvember 2025.




Reykjavík

DEILISKIPULAGSBREYTING Á LEIKSKÓLALÓÐINNI GRANDABORG, BOÐAGRANDA 9



Deiliskipulagsbreyting á "Skipulag á lóð Lýsis við Grandaveg" birt í b-deild þann 12. ágúst 2011. MKV. 1:1000




Tillaga að deiliskipulagstillögu. MKV. 1:1000

HELSTU SKILMÁLAR


- Leikskólalóðin er stækkuð um 87m²
- Lóð Veitna minnkar um 31,5m²
- Lóð leikskólans er færð að gangstig norðaustan til og stækkar um 55,5m²
- Heimilt er að setja upp færanlegar kennslustofur innan takmarkaðs byggingarreits ásamt öðrum mannvirkjum, samanber greinargerð.
- Hámarksbyggingarmagn innan takmarkaðs byggingarreits er 340 m².
- Heildarbyggingarmagn lóðarinnar verður 991 m², sem samsvarar nýtingarhlutfalli 0,20.

SKÝRINGARMYND - LÓÐARSTÆKKUN




Lóðarstækkun gult, MKV. 1:1000

SKÝRINGARMYNDIR



Skýringarmynd A-A



Skýringarmynd B-B

GREINARGERÐ

Forsendur

Aukin þörf er á leikskólaplássi í borginni, meðal annars vegna lengri biðlista og íbúafjölgunar. Um er að ræða tímabundið úrræði til að bæta aðstöðu og fjölgna rýmum. Forsendur framkvæmdarinnar kalla á breytingu á gildandi deiliskipulagi, þar sem gildandi skipulag gerir ekki ráð fyrir þeirri nýju uppbyggingu sem fyrirhuguð er á norðurhluta lóðarinnar.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er lóðin skilgreind sem svæði fyrir grunnskóla-, leikskóla- og aðra samfélagsþjónustu (S-61). Breytingin fellur því vel að stefnu aðalskipulags um að bæta aðgengi barna að leikskólum og stuðla að fjölbreyttum úrræðum innan byggðar. Í gildi er deiliskipulagið "Skipulag á lóð Lýsis við Grandaveg" sem samþykkt var, í borgarráði Reykjavíkur 27.12.85 með síðari breytingum.

Markmið - Með breytingunni er gert ráð fyrir að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum á einni hæð með tengibyggingu, ásamt hjólaskýli og sorplausnum á norðurhluta lóðar innan takmarkaðs byggingarreits. Leiðbeinandi staðsetning stofa er sýnd á uppdraetti. Gert er ráð fyrir að umfram byggingarmagn innan takmarkaðs reits megi nýta fyrir hjólaskýli, gróðurhús, geymslur og sorplausnir, enda séu slík mannvirki reist innan takmarkaðs byggingarreits og í samræmi við heildarhönnun lóðarinnar. Einnig er gerð lóðarstækkun á lóð leikskólans og lóðin afmörkuð til að stofurnar ásamt yfirbyggðu hjólaskýli komist betur fyrir norðan megin leikskólalóðar.

Lóðarstækkun - Lóð leikskólans er stækkuð samtals um 87 m². Lóð Veitna, Boðagrandi 9a er minnkuð um 31,5m² og er þeim hluta bætt við lóð leikskólans og komið fyrir einu bílastæði, huga skal að því að 1.5m skal vera frá veitnahúsi að lóðarmörkum. Lóðarmörk leikskólalóðarinnar að norðaustan er einnig færð út að göngustig en í dag er girðing leikskólans utan lóðar og mun lóðin stækka þar um 55.5m². Stærðir og afmörkun lóða eru skilgreindar á deiliskipulagstillögu en nákvæmar stærðir verða staðfestar á mæliblaði.

Takmarkaður byggingarreitir - Skilgreindur er nýr takmarkaður byggingarreitir. Hámarksbyggingarmagn takmarkaðs byggingarreits kemur fram í skilmálatöflu. Takmarkaður byggingarreitir er sýndur með rauðri brottinni línu, hann er rúmur og ekki er gert ráð fyrir að hann sé fullnýttur. Utfærsla á sér stað á hönnunarstigi. Heimilað er að byggja færanlegar stofur, smáhýsi, gróðurhús og hjólaskýli ásamt að koma fyrir sorpgerði/skýli eða djúpgámum innan takmarkaðs reits.

Hámarkshæð - Hámarks þakkóti núverandi leikskólabyggingar breytist úr 9.55 í 9.71 vegna endurnýjunar þaks á núverandi byggingu. Sjá skýringarmynd B-B. Hámarkshæð takmarkaðs byggingarreits er 9.55. En sökum mishæðar í lóð er gólfkóta færanlegra stofa haldið opnum en hámarkshæð stofa er sett í takt við leikskólann og skal ekki fara yfir 9,55 líkt og viðbygging leikskólans.

Aðrar byggingar á lóð - Almennt skulu öll stakstæð mannvirki staðsett innan takmarkaðs byggingarreits. Heimilt er að fara með smáhýsi og gróðurhús og sorplausnir upp að lóðarmörkum aðliggjandi lóða ef samþykki lóðarhafa viðkomandi lóða liggur fyrir.

Sorpskýli og sorpgerði - Heimilt er að byggja sorpskýli eða sorpgerði á lóð. Fylgja þarf ákvæðum byggingarreglugerðar um sorplausnir.

Smáhýsi - Heimilt er að byggja smáhýsi á lóð, sbr. ákvæði gildandi byggingarreglugerðar um smáhýsi á lóð.

Gróðurhús - Gróðurhús skal vera úr gegnsæju glerefni í veggjum og þaki. Hönnun og frágangur lýsingar skal vera þannig að hún valdi ekki óæskilegri ljósmengun.

Hjólaskýli - Heimilt er að byggja hjólaskýli á lóð. Fjöldi og fyrirkomulag hjólastæða skal vera skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.


Bílastæði - Heimild er fyrir 21 stæði og helst það óbreytt, stæðum fækkar þó á meðan á þessu úrræði stendur.

Samgöngumat - Samgöngumat hefur verið unnið af EFLU fyrir deiliskipulagssvæðið "Samgöngumat – Leikskóli við Grandaborg, deiliskipulagsbreyting" dagsett 08.12.2025. Í dag eru 12 stæði aðgengileg en við breytingar verða þau tíu talsins á meðan á þessu úrræði stendur þar af eitt fyrir hreyfihamlaða. Aðgengi hjólandi verður bætt en komið verður fyrir innan lóðar, yfirbyggðu hjólaskýli og hjólastæðum fjölgað sbr. tillögur í samgöngumati.

Veitur og lagnir - Nýjir byggingarreitir kalla etv. á tilfærslu lagna og veitukerfa, mikilvægt er að samráð sé haft við Veitur ohf. og Milu um framkvæmdina. Kvaðir um legu lagna koma fram á útgefnum hæða- og mæliblöðum. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar samþykkt deiliskipulags.

SKILMÁLATAFLA

Leikskólinn Grandaborg, Boðagrandi 9	Lóðarstærð	Byggingarmagn lóðar	Nýtingarhlutfall
FYRIR Grandaborg leikskólabygging Færanleg stofa allt að Byggingarmagn lóðar samtals	4.947 m ²	651 m ² 70 m ² 720 m²	0,13
Heimil hámarkshæð færanlegrar leikstofu er 4.3m frá gólfkóta Fjöldi bílastæða: 21			
EFTIR Grandaborg leikskólabygging Takmarkaður byggingarreitir Byggingarmagn lóðar samtals	5.034 m ²	651 m ² 340 m ² 991 m²	0,20
Hámarkshæð færanlegra stofa skal ekki fara yfir hámarkshæð aðalbyggingar, K. 9.55 Fjöldi bílastæða: 21, stæðum fækkar tímabundið sbr.samgöngumat			



AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2040

SKÝRINGAR

- — — — — Afmörkun deiliskipulagsbreytinga
- — — — — Lóðarmörk
- — — — — Nýr takmarkaður byggingarreitir
- — — — — Núverandi byggingar
- — — — — Fótspor kennslustofa, leiðbeinandi staðsetning
- ▲ Aðal inngangur
- X,h Hæðir húsa
- X,P Fjöldi bílastæða, leiðbeinandi staðsetning
- S Sorp, leiðbeinandi staðsetning
- H Hjólaskýli, leiðbeinandi staðsetning

SKÝRINGAR FRÁ ELDRÁ SKIPULAGI

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- - - Byggingarreitir
- Núverandi byggingar
- Byggingarreitir færanlegrar leikstofu
- Lóðin Boðagrandi 9 eftir breytingu

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__

BREYTINGAR

Grandaborg - Boðagrandi 9

TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU VEGNA LEIKSKÓLANS GRANDABORGAR

MINNISBLAÐ

DAGS.

15.11.2025

SENDANDI

Daði Baldur Ottósson
Atli Freyr Þorvaldsson

MÁLEFNI

Samgöngumat – Leikskóli við Grandaborg, deiliskipulagsbreyting

DREIFING

Laufey Sigurðardóttir (Tendra)
Grétar Mar Hreggviðsson (Reykjavíkurborg)

Inngangur

EFLU hefur verið falið að vinna samgöngumat fyrir deiliskipulagsbreytingu á leikskólanum Grandaborg við Boðagrandu 9. Deiliskipulagstillagan miðar við að stækka núverandi leikskóla með því að koma fyrir færanlegum kennslustofum við leikskólann á norðausturhluta lóðarinnar. Með stækkuninni er áætlað að í heildinni muni leikskóli taka á móti 107 börnum. Í samgöngumatinu hefur verið lagt mat á aðgengi vistvænna ferðamáta og akandi umferðar, sem og aðgengi að bíla- og hjólastæðum.



MYND 1 Yfirlitsmynd af Boðagrandu 9 þar sem leikskólinn Grandaborg er til húsa. Færanlegar kennslustofur verða staðsettar á norðausturhluta lóðarinnar. Leikskólalóðin er innan gula svæðisins.

Áhersla skipulagsvinnu, núverandi staðsetning og aðgengi umferðar

Um skipulagið og núverandi starfsemi

Áform eru um að stækka núverandi leikskóla (Grandaborg) við Boðagrandu 9. Færanlegum kennslustofum verður komið fyrir á norðausturhluta lóðarinnar þar sem í dag eru 12 bílastæði, sorptunnugeymsla og leiksvæði. Við þessa breytingu fjölga leikskólaplássum og er gert ráð fyrir 107 börnum og 27 starfsmönnum verði á leikskólanum eftir stækkun.

Ferðavenjur og markmið um breyttar ferðavenjur

Skipulagssvæðið er í vestarlega í Vesturbæ Reykjavíkur (Grandar). Samkvæmt nýjustu ferðavenjukönnun¹ eru bílferðir íbúa í hverfinu (Hagar, Melar, Seltjarnarnes) um 48% af öllum ferðum, sem er sama hlutfall og mælist í miðborginni. Ferðir með vistvænum hætti mælist hæst meðal íbúa í þessum hverfum samanborett við önnur hverfi á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur mælist einkabílaeign og hlutfall þeirra sem eiga engan bíl lægst í þessum hverfum.

TAFLA 1 Niðurstöður á ferðavenjukönnun íbúa ákveðinna svæða í október-nóvember 2022².

	BÍLSTJÓRI	FARÞEGI Í EINKABÍL	GANGANDI	HJÓLANDI	STRÆTÓ	ANNAD
Hagar, Melar, Seltjarnarnes	48%	14%	18%	10%	6%	5%
Miðbær, Tún	48%	8%	26%	6%	6%	9%
Reykjavík í heild	55%	12%	18%	6%	6%	5%
Höfuðborgarsvæðið	58%	14%	15%	5%	5%	4%
Hagar, Melar, Seltjarnarn. – ferðir til og frá vinnu	64%	7%	11%	9%	7%	2%
RVK – ferðir til og frá vinnu	71%	7%	9%	6%	4%	3%
HBS – ferðir til og frá vinnu	75%	8%	7%	5%	3%	2%
Markmið AR2040 – allar ferðir	50%		35%		15%	

Þar sem um uppbyggingu leikskóla er að ræða, þá gefa niðurstöður um ferðavenjur til og frá vinnu mögulega betri vísbendingu um ferðavenjur starfsmanna sem og foreldra þeirra barna sem koma til með að sækja leikskólann. Samanber töflu 1, þá er bróðurpartur ferða til og frá vinnu hjá íbúum í Reykjavík farnar á bíl; 71% fara sem bílstjóri og 7% fá far í og úr vinnu. Þá ganga 9% til vinnu, 6% fara hjólandi og 4% með strætó. Hlutfall akandi er lægra hjá íbúum í hverfinu en sé horft á Reykjavík sem heild. 64% íbúa í hverfinu fara sem bílstjóri til og frá vinnu og fara því fleiri ferðir með vistvænum hætti, en um 11% fara gangandi, 9% hjólandi og 7% með strætó.


Í aðalskipulagi Reykjavíkur til ársins 2040 er fjallað um mikilvægi breyttra ferðavenja og uppbyggingu Borgarlínu. Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram markmið um breyttar ferðavenjur. Annars vegar er gert ráð fyrir breyttri

¹ Gallup 2022. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðin, Samgöngustofa og Isavia. Vefslóð: https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-09/ferdavenjukonnun_2022.pdf og https://www.stjornarradid.is/.../IRN/Ferdavenjukonnun-2022/40303670_Ferdavenjur_Hagar_Melar_Nes_270423.pdf

forgangsróðun ferðamáta þar sem gangandi og hjólandi og aðrir samgöngumáttar eru í forgangi fram yfir einkabílinn. Hins vegar eru í aðalskipulaginu markmið um að hlutdeild akandi umferðar fari úr 75% niður í 50%, en sé miðað við ferðavenjukönnunina frá árinu 2022 eru nú þegar 67% allra ferða íbúa í Reykjavík farnar á einkabíl (55% sem bílstjóri og 12% sem farþegi). Hlutfall ferða sem farnar eru til vinnu er hærra eða 71% sem bílstjóri eins og áður hefur komið fram. Sé gert ráð fyrir að hlutfall ferða til og frá vinnu haldist áfram hærra m.t.t. allra ferða, þá má reikna út að til þess að ná markmiðum aðalskipulagsins verði hlutdeild bílferða til og frá vinnu að lækka niður í 58%.

Staðsetning skipulagssvæðisins

Staðsetning leikskólans er miðlæg innan hverfisins og þar með er stór hluti hverfisins innan göngufjarlægðar frá leikskólanum. Allur Vesturbærinn ásamt Seltjarnanesi er innan 10 mín hjólaferðar en sjá má 10 mín göngu- og hjólaferðir á mynd 2 hér að neðan.




MYND 2 Svæði í 10 mín göngu- og hjólaferð frá Grandaborg (Boðagrandi 9). Göngufjarlægð merkt með fjólubláum lit og hjólaferð með bláum lit. Kort: *TravelTime*.

Göngustígar eru umhverfis alla leikskólalóðina – meðfram Boðagrandi við leikskólann eru gangstéttir beggja vegna í götunni. Í dag má aðeins finna hjólaboga með sex hjólastæðum við aðalinngang leikskólans. Mjög gott aðgengi er að hjólastíganeti borgarinnar, en í hjólréiðaaætlun Reykjavíkurborgar 2021 til 2025² eru tvær tengileiðir skilgreindar alveg upp við leikskólalóðina þ.e. eftir Boðagrandi í norður-suður og eftir Frostaskjól og Álagrandi í austur-vestur. Með frekari nýframkvæmdum hjólastíga skv. hjólréiðaaætluninni má gera ráð fyrir að aðgengi hjólandi verði enn betra í framtíðinni með bættum hjólastígum.

² https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/hjolreidaaetlun_reykjavikur_2021-2025_-_mai_2021.pdf

HJÓLANETIÐ 2030

Hjólastígar 2030
Núverandi aðal- og tengistígar





MYND 3 Yfirlit yfir hjólastíga í nálægð við leikskólann Grandaborg við Boðagrandu, staðsetning leikskólans er merkt á kortið. Kortið er úr hjólréiðaaætlun Reykjavíkurborgar 2021-2025. Sjá má að tvær tengileiðir liggja við leikskólalóðina.

Ágætt aðgengi er að svæðinu með almenningssamgöngum en þrjár leiðir tengjast svæðinu; leið 13 stoppar í dag næst leikskólanum á Eiðisgranda við Boðagrandu en ekur aðeins í aðra áttina. Leiðir 13 stoppar einnig ásamt leið 15 stoppa við Meistaravelli, en leiðin stoppar í lengri fjarlægð á Nesvegi við Kaplaskjólsvæg – sjá leiðir og stoppistöðvar á mynd 4. Gönguvegalengdir að stoppistöðvunum leiðar 13 og 15 eru aðeins í 150-250 metra göngufjarlægð frá skipulagssvæðinu, en vegalengd að næstu stoppistöð leiðar 11 er í 600 m göngufjarlægð. Vagnar á leiðum 11, 13 og 15 aka á 15 mín tíðni á annatíma en leið 15 er frábrugðin að því leyti að hún ekur á 15 mín fresti allan daginn fram að kvöldi.

Með tilkomu Borgarlínu og innleiðingu á Nýju Leiðaneti Strætó verður aðgengi að almenningssamgöngum betra. Fjöldi leiða í göngufæri verða fjórar talsins og þjónustustig verður betra með aukinni tíðni. Um 150-250 metrar eru að stoppistöðvum fyrir stofnleið F, leið H og leið I. Aftur á móti er um 600 metra gangur í stofnleið E en auðvelt er að taka leið F og skipta yfir í leið E við Háskóla Íslands þar sem leiðirnar mætast. Stofn-/Borgarlínuleiðirnar (leiðir E og F) munu aka á a.m.k. 10 mín tíðni á annatíma og tengist leið E beint í miðbæinn meðan leið F ekur eftir Hringbraut/Miklubraut og upp í Árbæ.

Á lóð leikskólans eru í dag 12 bílastæði³. Aðgengi akandi að leikskólanum er um Boðagrandu, sem er botnlangagata, þar sem finna má í dag samtals um 12 bílastæði í borgarlandi. Frá Boðagrandu eru þrjár innkeyrslur inn á fjölbýlishúsalóðir og ein innkeyrsla við enda botnlangagötunnar þar sem eru tvær raðhúsalengjur (8 íbúðir). Um 80 bílastæði eru á lóðum fjölbýlishúsanna við Boðagrandu. Einnig er hægt að komast akandi að leikskólanum í gegnum Álagrandu en gatan endar í botnlanga við leikskólann þar sem finna má sex rafhleðslustæði.

³ Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir 21 stæði.




MYND 4 Yfirlit yfir leiðir Strætó í göngufæri við leikskólann Grandaborg. Efri mynd – núverandi strætóleiðir en þær eru þrjár talsins í dag. Leið 13 stoppar í dag næst reitnum á Eiðisgranda við Boðagrandi en ekur aðeins í aðra áttina. Leiðir 13 og 15 stoppa báðar við Meistaravelli en leið 11 við Kaplaskjólsvæg. Neðri mynd – yfirlit yfir strætóleiðir í drögum að Nýju Leiðaneti Strætó, leiðum fjölgar sem eru í göngufæri og þjónustustig eykst (tíðni). Tvær stofnleiðir (E og F) veita skjótari tengingu við aðra hverfahluta heldur en þekkist í dag. Gert er ráð fyrir að staðsetningar stoppistöðva verði nær óbreyttar í framtíðinni.

Nýtt skipulag

Stækkun leikskólans byggir á að koma fyrir tveimur færanlegum kennslustofum sem tengdar verða saman með tengibyggingu. Einnig verður hjólaskýli komið fyrir og sorpgeymsla færð til. Í dag eru 12 bílastæði á lóðinni en stækkun leikskólans gerir það að verkum að bílastæðum á lóðinni fækkar um fimm, svo í heildina verða bílastæðin 7 á lóðinni. Samkvæmt gildandi skipulagi er heimild til að byggja 21 bílastæði á lóð Boðagranda 9 og helst það óbreytt. Í dag eru til viðbótar um 10 bílastæði á borgarlandi við Boðagrandu. Samtals verða því 17 bílastæði sem nýtast leikskólanum.

Afstöðumynd af leikskólalóðinni má sjá á mynd 5 þar sem merktir eru inngangar á lóð og byggingar, sem og staðsetningar bílastæða á lóð og á borgarlandi. Tillögur að staðsetningu hjólageymslu og -stæðum, sem og tillögur að banni við bifreiðastöðum má einnig sjá á myndinni sem fjallað er um hér fyrir neðan.



MYND 5 Afstöðumynd af deiliskipulagstillögu af leikskólanum Grandaborg (Boðagrandu 9). Góðar göngutengingar eru að reitnum frá núverandi stígakerfi. Gert er ráð fyrir sjö bílastæðum innan lóðar. Lagt er til að koma fyrir hjólalastæðum (hjólalögum) við öll hlið en einnig er gert ráð fyrir yfirbyggðri hjóla- og vagnageymslu við nýtt starfsmönnum og foreldrum barna. Eins er lagt til að bifreiðarstöður verði bannaðar á tveimur stöðum á borgarlandi.

Aðgengi akandi, umferðaröryggi og umferðarsköpun

Eins og áður hefur komið fram er aðgengi akandi frá Eiðisgranda og inn um Boðagrandu sem er botnlangagata með fjórum innkeyrslum inn á íbúðalóðir. Leikskólinn stendur við enda götunnar þar sem hægt er að aka inn á lóðina, en að auki er hægt að leggja bílum samsíða beggja vegna í götunni sem og við enda botnlangans þar sem er pláss fyrir fjögur stæði. Bílastæðin eru ekki merkt og má áætla frá skoðun á loftmynd að hægt sé að leggja allt að 12 bílum í götunni (á borgarlandi).

Við skoðun á aðstæðum, bæði af loftmynd og af götu, þá er það mat ráðgjafa að ekki sé æskilegt að leyfa bifreiðastöður á tveimur stöðum austan megin í götunni eins og sýnt er á mynd 5 með bláum lit. Bílastæði í borgarlandi norðan við innkeyrslu í leikskólann stendur alveg við gönguleið sem endar við Boðagrandu þar sem líklegt er að gangandi vegfarendur þveri götuna – sjá dæmi um bifreið sem lagt er á þessum stað á mynd 6. Með því að banna bifreiðastöður á þessu svæði verður líka til meira rými fyrir bifreiðar að mætast við innkeyrslu inn á leikskólann, sem og fyrir vöru- og sorpbíla að athafna sig.

Einnig er lagt til að merkja bílastæði í götunni með vegmálningu þar sem merking er a.m.k. 1,5 metra frá innkeyrslu. Með þessum hætti er vonast til að bifreiðum sé síður lagt alveg upp við innkeyrslu, sem takmarkar sýn ökumanna.



Sé þessum tillögum fylgt eftir, fækkar bílastæðum við leikskólann í heildina um 7 þ.e. fækkun um 5 á lóð vegna stækkunar leikskólans og 2 stæði á borgarlandi til að bæta umferðaröryggi, sjá yfirlit þessara breytinga í töflu 2.

TAFLA 2 Yfirlit yfir breytingar á fjölda bílastæða á lóð leikskólans (Boðagrandu 9) ásamt tillögum að breytingum á borgarlandi.

BOÐAGRANÐI 9 / GRANÐABORG	Á LÓÐ	Á BORGARLANDI	SAMTALS
Fjöldi stæða - núverandi	12 (þar af 1 stæði hreyfihamlaðra)	12	24
Fjöldi stæða - nýtt skipulag	7 (þar af 1 stæði hreyfihamlaðra)	10	17

Umferð sem tengist leikskólum myndar almennt toppa að morgni og síðdegis á virkum dögum, en verður lítil utan þess tíma. Hugsanlegt er að íbúar leiti einnig á leikskólalóðina um helgar og á góðviðrisdögum utan opnunartíma leikskólans. Að mati ráðgjafa mun bílaumferð sem skapast vegna stækkunar leikskólans ekki hafa markverð áhrif á nærliggjandi gatnamót. Nánar er fjalla um fjölda bílastæða síðar í minnisblaðinu.

Aðgengi gangandi og hjólandi

Eins og fram kom fyrir í samgöngumatinu þá er mjög gott aðgengi frá skipulagsreitnum að hjólastíganeti borgarinnar og verður það betra í framtíðinni, verði hjólréiðaaætlun Reykjavíkurborgar framfylgt til ársins 2030. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að nýta núverandi stígatengingar að leikskólalóðinni og eru ekki lagðar til sérstakar úrbætur sem snúa að stígatengingum.

Í dag er mjög takmarkað aðgengi að hjólastæðum á leikskólalóðinni og er í deiliskipulagstillögunni komið til móts við þessar takmarkanir. Gert er ráð fyrir að hjóla- og vagnageymslu verði komið fyrir innan lóðar við leikskólann og einnig er gert ráð fyrir hjólastæðum við alla innganga (hlið) leikskólans (sjá nánari umfjöllun að neðan í *Fjöldi bíla- og hjólastæða*). Því er það mat ráðgjafa að aðgengi fyrir gangandi og hjólandi til og frá leikskólanum og innan lóðar verði gott á þessum stað í framtíðinni.

Aftur á móti er lagt er til að eftirfarandi atriði séu tekin séu skoðunar til að bæta aðgengi hjólandi og gangandi að leikskólalóðinni:

- Boðagrandi er skilgreindur sem tengistígur í hjólréiðaaætlun Reykjavíkurborgar. Stígurinn eftir Boðagrandi vestan megin í götunni er þröngur og því er lagt til að skoða sé hvernig bæta megi hjólainnviði í götunni.
- Endurskoða þarf forgang vetrarþjónustu til og frá leikskólanum. Boðagrandi er í þjónustuflokki 3 og gönguleiðin norðan og austan megin við lóðina er í þjónustuflokki 4 og því ekki í reglubundinni þjónustu. Ráðlagt er að setja leiðirnar í þjónustuflokk 1 til 2 í samræmi við þjónustuhandbók vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

Aðgengi að almenningssamgöngum

Almenningssamgöngur eru í dag ágætari að svæðinu. Með innleiðingu á Nýju leiðaneti Strætó verða þrjár leiðir innan sömu göngufjarlægðar frá reitnum og er í dag og fjórða leiðin (stofnleið) í um 600 m göngufjarlægð. Samhliða því mun þjónustustig mun aukast og því er það mat ráðgjafa að aðgengi að almenningssamgöngum verði betra í framtíðinni og byggir enn frekar undir breyttar ferðavenjur.

Fjöldi bíla- og hjólastæða

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 7 bílastæðum á lóðinni og til viðbótar er gert ráð fyrir 10 bílastæðum á borgarlandi, samtals 17 bílastæðum. Til að leggja mat á fjölda bílastæða sem þörf er á fyrir leikskólann, var notast við reglur um fjölda bíla- og hjólastæða, erlendar heimildir og tillit tekið til núverandi ferðavenja.

Deiliskipulagstillagan miðast við að leikskólinn taki við um 107 börnum og 27 starfsmönnum. Gert er ráð fyrir að bílastæði á leikskólalóðinni og á borgarlandi upp við leikskólann verði fyrst og fremst nýtt af starfsmönnum og foreldrum sem sækja leikskólann.

Við áætlun á fjölda bíla- og hjólastæða var tekið mið af reglum um fjölda bíla- og hjólastæða hjá Reykjavíkurborg. Í reglunum er kveðið á um 0,2-0,5 bílastæði fyrir hvern starfsmann á leikskóla, sem samsvarar 6-14 bílastæðum, og er um viðmiðunarfjölda bílastæða að ræða.

Til að leggja mat á líklega eftirspurn bílastæða starfsmanna miðað við núverandi ferðavenjur, þá var gert ráð fyrir sama hlutfalli og kom fram hér að ofan í töflu 1 og reiknuð út bílastæðapörf sem miðar við að um 64%-71% starfsmanna leikskólans myndu koma á bíl í dag. Miðað við þær forsendur má áætla að af 27 starfsmönnum myndu

allt að 17 til 19 starfsmenn koma akandi. Þessi samanburður gefur til kynna að starfsmenn munu koma til með að nota bílastæði á borgarlandi á Boðagrandi eða rafhleðslustæði á Álagrandi.

Til viðbótar er í reglunum kveðið á um að gera þurfi ráð fyrir fleiri bílastæðum við leikskóla fyrir börn sem koma akandi með foreldrum sínum. Ólíkt grunnskólum þar sem skóli hefst á ákveðnum tíma, þá opna leikskólar yfirleitt kl. 7:30 og eru flest börnin komin um kl. 8:30. Eins má gera ráð fyrir að börn fari úr leikskólanum á tímabilinu 15:30-16:30 og séu öll farin þegar leikskólinn lokar. Sé einnig gert ráð fyrir að 61-71% barna yrði skutlað á bíl af foreldrum á leið til vinnu, þá samsvarar það að um 70 til 75 börn komi með bíl á þessum tímum. Ekki eru til upplýsingar um dreifingu þessarar bílaumferðar hér á landi þ.e. hversu mörg börn koma samtímis í leikskóla á höfuðborgarsvæðinu, hversu lengi bílar dvelja í stæðum o.s.frv. og þar með eru ekki til áreiðanleg gögn um bílastæðaþörf. Þegar skoðaðar eru heimildir erlendis frá má finna kröfur um skammtímastæði sem kveða á um þörf fyrir á bilinu 1 stæði á 6 til 10 leikskólanemendur, sem samsvarar 10-18 stæðum fyrir 107 nemendur⁴.

Að mati ráðgjafa er talið fullnægjandi að gera ráð fyrir að til framtíðar muni að hámarki 64% starfsfólks leikskólans koma að jafnaði á einkabíl þar sem um núverandi ferðavenjur í hverfinu er um að ræða. Það samsvarar að þörf er á um 17 stæðum fyrir starfsmenn. Til áætlunar á fjölda sleppistæða, þá er lagt til að horft sé til lægri viðmiða erlendis frá og einungis sé gert ráð fyrir að þörf sé á um 10 skammtímastæðum fyrir leikskólann. Þetta þýðir að heildareftirspurn eftir bílastæðum á háannatíma getur verið allt að 27 bílastæði þegar allir starfsmenn eru mættir til starfa og á sama tíma komi allt að 10 foreldrar á bíl með börnin sín. Það er meira en fyrirhugað framboð bílastæða á lóð leikskólans og á borgarlandi næst leikskólalóðinni sem verða 17 talsins. Þetta þýðir að líklegt er að í þessum tilvikum muni foreldrar nýta sér til skemmri tíma bílastæði á einkalóðum í grennd við leikskólann meðan farið er með börn á leikskólalóðina. Að mati ráðgjafa er það aftur á móti ekki óalgengt að slík staða geti komið upp við leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og er ekki talið að það valdi íbúum óþægindum enda um tímabundið ástand að ræða árdegis og síðdegis. Í Boðagrandi eru um 80 bílastæði á einkalóðum og á Flyðrugrandi næst leikskólalóðinni eru um 30 bílastæði, og er líklegt að um helmingur þessara stæða sé laus á þessum sömu tímum (þ.e. þegar íbúar eru að sækja vinnu/skóla).

Lagt er til að stæði á leikskólalóðinni séu merkt sem skammtímastæði svo foreldrar fái yfirleitt stæði upp við leikskólann. Lagt er til að stæði á borgarlandi við leikskólann verði hugsuð sem langímastæði þ.e. að starfsfólki sé ráðlagt að nýta sér þau stæði.

Upp við leikskólann er áfram gert ráð fyrir einu stæði hreyfihamlaðra og er stæðið jafnframt næst aðalinngöngum og innan 25 metra. Bílastæðið verður a.m.k. 3,8 x 5 metrar að stærð og eru því ákvæði byggingarreglugerðar, gr. 6.2.4. uppfyllt samkvæmt afstöðumynd (sjá mynd 5).

Fjöldi hjólastæða

Mikilvægt er að hafa góð hjólastæði fyrir starfsmenn, foreldra og börn til að byggja undir vistvænar ferðavenjur. Í reglum Reykjavíkurborgar um fjölda bíla- og hjólastæða er settur fram lágmarksfjöldi hjólastæða. Kveðið er á um 0,4 hjólastæði á hvern starfsmann og 0,2 hjólastæði á hvern nemanda, sem samsvarar 33 hjólastæðum að lágmarki (m.v. 27 starfsmenn og 107 börn). Jafnframt kemur fram í reglunum að hjólastæði við leikskóla skulu einnig nýtast til að geyma hjólavagna og kerrur.

Ráðgert er að deiliskipulagstillagan uppfylli þessar kröfur en hjólastæðum verður komið fyrir við innganga, auk þess að hjóla- og vagnageymsla verður byggð inni á lóð, eins og áður hefur komið fram og eru það miklar úrbætur

⁴ Dæmi um kröfur frá Kanada (Vancouverborg) og Bandaríkjunum (ýmis sveitarfélög í Washington fylki).

frá því sem fyrir var. Gert er ráð fyrir að í hjólageymslunni hafi foreldrar tækifæri á að geyma hjólavagna og kerrur. Gert er ráð fyrir að starfsmenn nýti sér hjólageymsluna.

Aðkoma sorpbíla og aðfanga

Gert er ráð fyrir að sorp og sendingar aðfanga verði í meginatriðum óbreytt frá því sem þekkist í dag, nema að sorpgeymsla mun hliðrast, sjá líklega staðsetningu á mynd 5. Gert er ráð fyrir að ökumenn sorpbíla muni nýta sér innkeyrsluna til að snúa bílnum við og staðnæmast í innkeyrslunni eða í götunni þar sem tunnum getur verið ýtt að bílnum til losunar. Eins og kom fram í umfjöllun um aðgengi akandi, þá er lagt til að fjarlægja eitt bílastæði við innkeyrslu sem mun skapa meira rými fyrir vöru- og sorpbíla til að athafna sig.

Gert er ráð fyrir að aðkoma aðfanga með vörubílum verði með sama hætti. Vörubílar geta staðnæmast á bílplani á sambærilegum stað.

Samgöngustefna og deilibílar

Mikilvægt er að hvetja starfsmenn sem og foreldra sem sækja leikskólann að ferðast með vistvænum hætti. Meðal aðgerða sem lagt er til að standa að er:

- Innleiðing á samgöngustefnu. Samgöngustefna er til þess fallin að styðja við vistvæna ferðamáta og getur hún m.a. falist í:
 - Að umbuna starfsmönnum sem koma með vistvænum hætti til og frá vinnu, t.d. með samgöngusamningum.
 - Að veita aðstöðu til hjólviðgerða í hjólageymslu s.s. loftpumpu og verkfæri.
 - Upplýsa um þjónustu Strætó og staðsetningu stoppistöðva
- Tryggja starfsmönnum aðgengi að deilibíl. Deilibílar eru skilvirk leið til að veita aðgengi að bíl og þar með auðvelda fólki að lifa bíllausum lífstíl. Starfsmenn sem hafa aðgengi að deilibíl hafa sveigjanleika til að nota bíl í vinnu- og persónutengd erindi á vinnutíma, í stað þess að nota eigin bíl. Mögulega eru tækifæri til þess að koma fyrir einum deilibíl í rafhleðslustæðin á Álagranda sem einnig geta nýst íbúum í grenndinni.

Samantekt

Hér að ofan hefur verið farið yfir helstu atriði sem snúa að samgöngumálum í deiliskipulagstillögunni. Helstu niðurstöður samgöngumatsins voru eftirfarandi:

- Aðgengi akandi
 - Bílaumferð sem skapast vegna leikskólans er ekki talin hafa markverð áhrif á nærliggjandi gatnamót. Lagt er til að bifreiðastöður séu bannaðar á tveimur stöðum á Boðagrandi og bílastæði afmörkuð með vegmálningu til að auka umferðaröryggi.
 - Í dag eru 12 bílastæði á lóð leikskólans en þeim fækkar og verða þau 7 talsins eftir stækkun leikskólans. Þrátt fyrir að 10 bílastæði til viðbótar séu aðgengileg á borgarlandi, þá er líklegt eftirspurn eftir bílastæðum verði í tilvikum meiri og þá leggi foreldrar/starfsfólk á einkalóðum íbúa. Talið er að nægjanlegt framboð af bílastæðum sé í grennd við leikskólann.
- Aðgengi gangandi og hjólandi
 - Mjög gott aðgengi er að skipulagsreitnum fyrir hjólandi og gangandi.
 - Helstu úrbætur sem vert væri að huga að eru úrbætur á hjólaleið á Boðagrandi og endurskoðun á þjónustuflokkun nærliggjandi stíga í vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.

- Gert er ráð fyrir hjólastæðum upp við hlið inn á leikskólalóð sem og hjólavagna- og kerrugeymslu. Hjóla- og vagnageymslan mun vera mikilvæg fyrir foreldra sem koma með börn í kerru eða hjólavagni sem geta þá haldið áfram til vinnu án þess að þurfa taka kerruna/vagninn með sér.
- Almenningsamgöngur
 - Aðgengi að almenningssamgöngum verður betra í framtíðinni með bættu þjónustustigi.
- Samgöngustefna og deilibílar
 - Lagt er til að leikskólinn setji sér samgöngustefnu og tryggi aðgengi að deilibíl fyrir starfsmenn.